

KEILUSAMBAND ÍSLANDS

Fundargerð

Yfirskrift / efni:	8. fundur stjórnar KLÍ, 2012-2013
Staðsetning:	Skrifstofu KLÍ
Hvenær:	Miðvikudagur 14.11.2012 kl. 17:30
Þátttakendur:	Þórarinn Már Þorbjörnsson (ÞMB) formaður Heiðar Rafn Sverrisson (HRS) Linda Hrönn Magnúsdóttir (LHM) varamaður Ingi Geir Sveinsson (IGS) Sigurbjörn St. Vilhjálmsson (SSV) starfsmaður KLÍ
Boðuð forföll:	Guðmundur J. Kristófersson (GJK) varamaður Ólafur Páll Vignisson (ÓPV) Karenina Kristín Chiodo (KKC) varamaður Höskuldur Höskuldsson (HH)
Fjarverandi:	
Fundarritari:	HRS

Helstu mál:	Breyting á heiti félags, Týndar leikskýrslur, Starfsemi nefnda, Önnur mál.
-------------	--

Dagskrá fundarins:

1. Breyting á heiti félags:

ÞMP bar upp beiðni frá KFA-ÍA um að nafni félagsins yrði breytt og muni framvegis heita ÍA. Stjórn sá ekkert því til fyrirstöðu var það samþykkt. ÞMP hefur samband við Þórhall um að gera nauðsynlegar breytingar.

2. Týndar leikskýrslur:

Ekki hefur verið hægt að skrá inn skor úr B riðli Deildarbikarkeppninnar vegna þess að tvær leikskýrslur hafa ekki fundist. HRS skýrði fyrir fundarmönnum hvernig hans aðkoma var að málinu. Farið var yfir það hvernig komast má hjá svona uppákomum í framtíðinni og var það niðurstaða fundarins að leikskýrslur og innsláttur á þeim er alfarið á ábyrgð starfsmanns KLÍ og ber honum að sjá til þess að innheimta skýrslur í lok leiks. Einnig var starfsmanni KLÍ falið að vera í sambandi við ÍFH-DK vegna þessa máls og reyna að endurgera þeirra leikskýrslu, en búið er að endurgera hina leikskýrsluna sem tapaðist.

3. Starfsemi nefnda:

ÞMP fór yfir starfsemi nefnda KLÍ og vöntun á upplýsingum frá nefndum. Mótanefnd hefur sent til stjórnar tilkynningar um frestanir og nýja leikdaga, en þar með er upptalið það sem hefur borist frá nefndum KLÍ til stjórnar. ÞMP fór yfir stöðu á innheimtu fyrir utandeildina og uppgjör við þá sem starfa við mótin, en það er á ábyrgð landsliðsnefndar. Starfsmanni KLÍ var falið að útbúa þau gögn sem vantaði til að ljúka þessu máli og senda þau til bókara KLÍ. Aganefnd á eftir að úrskurða í nokkrum málum og er stjórn farið að lengja eftir niðurstöðu í þeim málum, og einnig á ÓPV eftir að senda afrit af svari til Björns Guðgeirs Sigurðssonar vegna kröfu hans á hendur KLÍ.

4. Önnur mál:

HRS kynnti beiðni frá ÍR-Naddóði um breytingar á leikdegi í síðustu umferð. Ræddar voru ýmsar leiðir til að koma til móts við þá en engin ákvörðun tekin um það á fundinum.

HRS sagði frá hugmyndum mótanefndar um breytingar á tveimur síðustu umferðum í Íslandsmóti liða, en næstsíðasta umferðin er sett á sama tíma og Evrópumót unglunga næsta vor. Búast má við að nokkur lið missi leikmenn í þetta mót og því eðlilegt að seinka næstsíðustu umferð fram yfir páska og þar af leiðandi seinkar síðustu umferð um eina viku. Einnig kom fram hugmynd um að spila síðustu umferðina á laugardegi og mun HRS koma með tillögur til stjórnar um þessar breytingar.

Fleira var ekki rætt og fundi slitið kl. 19:05.
Næsti fundur hefur ekki verið ákveðin.